


LJÓRI

4. ÁRG. 1. TBL. 1983.



Frá ritstjórn

Nú er liðið meira en ár frá því að síðasta tölublað LJÓRA kom út og veldur þar mestu slæmur fjárhagur blaðsins.

Við höfum leitað eftir styrkveitingum bæði Menntamálaráðuneytis og fjárveitinganefndar, en án árangurs. Því eru ekki peningar til að láta prenta þær greinar sem settar hafa verið og hafa beðið eftir betri fjárhag blaðsins. Nú þegar útséð er um að fá neinn útgáfustyrk í bráð, ákvað ritstjórn að gefa út fjölritað það efni sem tilbúið er, til þess að koma því á framfæri. Þó að sumt hafi legið nokkuð lengi, finnst okkur rétt að birta það allt, því að greinarnar spegla nokkuð þá umræðu sem verið hefur innan félagsins á þessum tíma og hvað hefur verið til umfjöllunar á fundum þess.

Í þessu blaði eru birtar skýrslur um starf Félags íslenskra safnmanna tvö fyrstu starfsárin og einnig greinar um starfsemi Þjóðháttadeildar Þjóðminjasafnsins.

Við viljum biðja greinarhöfunda og áskrifendur velvirðingar á þeim drætti sem hefur orðið á útgáfu blaðsins og vonum að bráðum komi betri tíð og fjárhagur LJÓRA vankist.

KÁPUMYNDIR:

Á forsíðu er teikning af annarri útskornu ljónsmyndinni sem varðveitt er á Skarði.

Á baksíðu er teikning af úlfsmýndinni frá Skarði, en hún er nú á Þjóðminjasafni til athugunar. Teikningar eftir Guðmund Ólafsson.

Ársskýrslur Félags íslenskra safnmanna 1981—1982.

Skýrsla formanns, Halldórs J. Jónssonar, fyrir tímabilið 17.1 til 23.5. 1981. Flutt á aðalfundi félagsins 23.5. 1981

Félag íslenskra safnmanna er nú ekki nema liðlega 4ra mánaða gamalt og því tæplega mikilla afreka að vænta af þess hálfu. Sinni stuttu ævi hefur félagið varið að mestu til að reyna að finna sjálft sig, ganga úr skugga um þátttöku og starfsgrundvöll og má segja að byrjunin lofi nokkuð góðu. Fyrsta verk stjórnarinnar var að taka saman kynningarbréf um stofnun félagsins, og var það sent öllum þeim sem hún taldi að ættu heima í félaginu samkvæmt skilgreiningu félagslaganna, en ekki höfðu átt hlut að samþykkt laganna á stofnfundinum 17. janúar. Voru þeir hvattir til að ganga í félagið. Allmargir þeirra hafa haft samband við stjórnina og tilkynnt þátttöku. Eru félagsmenn nú 33 talsins og mun sú tala væntanlega hækka nokkuð á þessum fundi.


Menntamálaráðherra, Ingvari Gíslasyni, var skýrt frá stofnun félagsins í bréfi dags. 9. febr., þar sem félagið lýsir sig reiðubúið til samráðs um málefni safna og minjavörslu í landinu. Fréttatilkynning um stofnun félagsins var send fjöl-

miðlum og birtu helstu dagblöð aðalinn-tak hennar. Starfsráð hefur haldið 5 fundi, ekki alltaf fullskipað, og stjórnin 4. Fyrsti almenni félagsfundurinn var svo haldinn 21. mars og samþykkti hann ályktun varðandi endurskoðun þjóðminjalaganna. Þessi ályktun var send menntamálaráðherra þegar eftir fundinn og til frekari áréttingar talaði formaður við Knút Hallsson skrifstofustjóra og Runólf Þórarinsson fulltrúa í menntamálaráðuneytinu, en viðbrögð af hálfu ráðherra gagnvart félaginu eða stjórn þess hafa engin orðið enn sem komið er.

Stofnendur Félags íslenskra safnmanna voru: *Árni Björnsson*, Þjóðminjasafni, *Frosti F. Jóhannsson*, Þjóðfræðingur, *Guðmundur Ólafsson*, Þjóðminjasafni, *Guðný Gerður Gunnarsdóttir*, Árbæjarsafni, *Gunnlaugur Haraldsson*, Byggðasafninu að Görðum á Akranesi, *Halldór J. Jónsson*, Þjóðminjasafni, *Hallgerður Gísladóttir*, Þjóðminjasafni, *Karla Kristjánsdóttir*, Listasafni Íslands *Inga Lára Baldvinsdóttir*, fornleifafræðingur, *Jóna Ósk Guðjónsdóttir*, Þjóðminjasafni, *Kristín H. Sigurðardóttir*, Árbæjarsafni, *Mjöll Snæsdóttir*, Árbæjarsafni, *Ólafur Kvaran*, Listasafni Einars Jónssonar, *Þórður Tómasson*, Byggðasafninu að Skógum, *Þorsteinn Jónsson*, Listasafni ASÍ.

Eftir að stofnfundur var haldinn hafa eftirtaldir menn gerst félagar: *Ágúst Georgsson*, Þjóðminjasafni, *Bjarni Bachmann*, Byggðasafninu í Borgarnesi, *Helgi Hallgrímsson*, Náttúrugripasafninu á Akureyri, *Hörður Ágústsson* listmálari, *Jóhannes Jóhannesson*, Listasafni Íslands, *Kristín Jónasdóttir*, Árbæjarsafni, *Kristján Rögnvaldsson*, starfsmaður þriggja safna á Akureyri, í Davíðs- og Matthíasarhúsi og Náttúrugripasafni, *Magnús Gestsson*, Byggðasafninu að Laugum, Dalasýslu, *Magnús Þorkelsson* fornleifafræðingur, Hafnarfirði, *Margrét Gísladóttir*, Þjóðminjasafni, *Nanna Hermansson* borgarminjavörður, *Ragnar Óskarsson*, Byggðasafninu Vestmannaeyjum, *Selma Jónsdóttir* forstöðumaður Listasafns Íslands, *Sólveig Georgsdóttir*, safnkennari, *Sveinbjörn Rafnsson* prófessor, *Sveinn Jakobsson*, Náttúrufræðistofnun Íslands, *Þór Magnússon* þjóðminjavörður, *Þorkell Grímsson*, Þjóðminjasafni.

Á fundinum voru bornir upp og teknir inn 3 nýir félagar: *Bera Nordal*, Listasafni Íslands, *dr. Kristján Eldjárn* og *Ævar Petersen* frá Náttúrufræðistofnun Íslands. Formaður flutti fundinum kveðjur dr. Kristjáns Eldjárns sem staddur var erlendis.



Skýrsla formanns, Frosta F. Jóhannssonar, fyrir tímabilið 23.5.1981 til 5.6.1982. Flutt á aðalfundi félagsins 5.6.1982.

Fyrsta verk stjórnar og starfsráðs var að koma á framfæri við fjölmiðla, bæði dagblöð og ríkisfjölmiðla, kynningu á starfsemi félagsins. Um miðjan október var menntamálaráðherra skrifað vegna væntanlegrar skipunar nefndar til endurskoðunar þjóðminjalaga og þess farið á leit að félagið fengi fulltrúa í nefndina. Þessari ósk var frekar fylgt eftir með því að formaður og ritari gengu á fund ráðherra. Niðurstaðan varð sú að í lok nóvember tók ráðherra þá ákvörðun að skipa þriggja manna nefnd til endurskoðunar laganna og var félaginu boðið að tilnefna einn fulltrúa. Gunnlaugur Haraldsson safnvörður á Akranesi varð fyrir valinu af hálfu félagsins. Menntamálaráðherra skipaði svo endanlega í nefndina í byrjun desember 1981. Auk Gunnlaugs eiga sæti í nefndinni þeir Þór Magnússon þjóðminjavörður og Friðjón Guðrøðarson sýslumaður á Höfn sem jafnframt er formaður hennar. Nefndarmenn tóku þegar til starfa og hafa haldið þrjá formlega fundi.

Það er skoðun stjórnarinnar að það eigi m.a. að vera í verkahring endurskoðunarnefndar að vinna úr hugmyndum safnmanna og koma þeim í lagaform. Þegar á haustið leið var komið á fót fimm starfshópum, sem ræða skyldu núverandi stöðu og framtíðarskipan minjavörslunnar. Einnig var ætlunin að koma hliðstæðri umræðu af stað innan lista- og náttúrugripasafna, en af ýmsum ástæðum hefur enn ekkert orðið úr því. Aðalstarfsemi félagsins hefur falist í vinnu félagsmanna innan þessara hópa, sem hafa

starfað meira og minna í allan vetur. Eftirfarandi málaflokkar hafa einkum verið til umræðu: Heildarskipulag og stjórnun minjaverndunarmála, framtíðarskipan þjóðfræða, fornminjavörslu, myndverndar (komið á laggirnar í apríl), húsverndar og fræðslu- og sýningarstarfsemi safna. Fjórir fyrstnefndu hóparnir hafa skilað áliti og hefur álitsgerðum verið dreift til félagsmanna.

Álitsgerða frá síðastnefndu hópunum tveim er að vænta í haust. Við mótun tillagna hefur verið leitast við að hafa samráð við sem flesta, er þekkingu og reynslu hafa af þeim málefnum, sem til umræðu hafa verið. Þrátt fyrir það ber ekki að líta á tillögurnar sem endanlegar hugmyndir um framtíðarskipan þessara mála. Þegar fyrir liggja tillögur um skipulag allra helstu málaflokka minjavörslunnar er fyrst tímabært að móta endanlegar hugmyndir í þessum efnum og taka afstöðu og áréttu hana við endurskoðunarnefnd, ef þess gerist þörf. Engu að síður álítur stjórn félagsins mikilvægt, að tillögum þeirra hópa, sem þegar hafa komist að niðurstöðu, sé komið á framfæri við endurskoðunarnefnd þjóðminjalaganna. Auk ofangreindra hópa kom félagið á fót enn einum umræðuhópnum til að undirbúa þema þessa fundar, menntun safnmanna og þjóðfræðinám í íslensku skóla-kerfi.

Í febrúarmánuði gekkst félagið fyrir umræðufundi með Þór Magnússyni þjóðminjaverði um samtímavarðveislu, en hann hafði þá nýlega setið ráðstefnu um þetta efni í Svíþjóð. Umræða þessi var hin gagnlegasta, og eiga þær hugmyndir og vinnuaðferðir sem beitt er við samtímavarðveislu örugglega eftir að koma að góðum notum hér á landi.

Tímaritið Ljóri er gefið út á vegum Félags íslenskra safnmanna. Í nóvember

1981 kom annað tölublað tímaritsins út. Var það allt vandaðra að gerð en hið fyrsta, enda prentað. Næsta tölublað er nú í setningu og verður dreift áður en langt um líður. Upphaflega var ráðgert að efni þess yrði að mestu helgað listasöfnum og höfundaréttarmálum, en er til kom reyndist það ekki mögulegt. Í staðinn verður meginefni blaðsins tengt söfnun ljósmynda og ljósmyndasöfnum.

Láta mun nærri að áskrifendur Ljóra séu orðnir um 200 talsins, auk félagsmanna sem eru 39. Um tíma var fjárhagur tímaritsins fremur bágborinn. M.a. af þeim ástæðum var leitað til Menntamálaráðuneytisins og voru blaðinu veittar 7000 kr í útgáfustyrk. Sem stendur er því afkoma blaðsins tryggð. Ritstjórnin stefnir að því að koma öðru tölublaði út í haust. Til að slíkt megi takast vonar ritstjórnin að félagsmenn og aðrir velunnarar blaðsins bregðist vel við og leggi því til efni.

Stjórn félagsins hefur unnið að því að kynna félagið þeim mönnum sem rétt eiga á aðild samkvæmt lögum þess. Samkvæmt 2. grein félagslaganna er inntaka nýrra félaga háð samþykki félagsfundar. Eftirtaldir einstaklingar hafa óskað eftir að gerast félagar. Það skal skýrt tekið fram að stjórn félagsins telur þá uppfylla skilyrði fyrir félagsaðild og hefur á þeim forsendum boðið þeim munnlega að gerast félagsmenn: *Bjarni Einarsson*, forleifafræðingur, *Erlendur Sveinsson*, forstöðumaður kvikmyndasafns Íslands, *Fríður Ólafsdóttir*, ráðunautur við leiðbeiningarmiðstöð um íslenska þjóðbúninginn, *Gísli Arason*, safnvörður, Höfn, *Gyða Gunnarsdóttir*, þjóðfræðingur, *Hallfreður Örn Eiríksson*, forstöðumaður þjóðfræðideildar Stofnunar Árna Magnússonar, *Jón Hnefill Aðalsteinsson*, þjóðfræðingur.

Milli aðalfunda hafa tveir menn gengið í félagið, þau *Ólafur B. Jónsson*, starfsmaður, *Árbæjarsafni*, og *Ragnheiður Þórarinsdóttir*, forstöðumaður Safna- stofnunar Austurlands.

Að lokum skal vikið að þeim verkefnum, er einkum tengjast minjasöfnunum, sem ég álit að brýnt sé að nýkjörið starfsráð og stjórn vinni að. Halda þarf áfram þeirri umræðu sem er hafin um framtíðarskipan húsverndar og fræðslu- og sýningarstarfsemi safna. Einnig þurfa safnmenn að móta sér skoðanir um skipan annarra málaflokka minjavörslunnar sem hingað til hafa ekki verið teknir fyrir. Sem dæmi má nefna skipulag sjóminja-

og tækniminjasafns og íhuga þarf þátt listminja sem í dag skipa allstóran sess í Þjóðminjasafni. Þá þarf að koma á fót umræðuhóp eða -hópum um söfnun hvers kyns menningarsögulegra heimilda þ.e. muna, mynda og munnlegra upplýsinga. Gera þarf úttekt á því hvaða heimildir eru til og hvar helstu gloppurnar eru og gera áætlun um markvissa söfnun slíkra upplýsinga, bæði frá fortíð og nútíð, í náinni samvinnu milli minjasafna og einstakra deilda Þjóðminjasafns. Í þessu sambandi ætti að vera unnt að nýta sér að einhverju leyti þær vinnuaðferðir sem beitt hefur verið erlendis t.d. í Svíþjóð við samtímavarðveislu.

Óþekktur sveitabær með fjórum burstum.

Kjær-safnið nr. 4905,30. Þjóðminjasafni Íslands.



Af aðalfundi FÍS 1982.

Pema þessa aðalfundar var „Um menntun safnmanna og þjóðfræðinám í íslensku skólakerfi“. Þar sem Ljóri er að þessu sinni helgaður þjóðfræði, er ástæða til að gera fundarefninu nokkur skil í þessu tölublaði.

Fyrir fundinum lá greinargerð eftir þá Árna Björnsson, Frosta Jóhannsson og Jón Hnefil Aðalsteinsson, þar sem m.a. var rakin og rökstudd ázetluð þörf fyrir þjóðfræðimenntað fólk til hinna ýmsu starfa á næstu áratugum. Auk hinnar augljósu nauðsynjar að ráða sérmenntaða starfsmenn á minjasöfnin, bentu þeir á þörfina á þjóðfræðimenntuðu fólki til kennslu á framhaldsskóla- og háskólastigi auk ýmissa menningarstarfa í þjóðfélaginu, svo sem við fjölmiðlun, leikhús, kvikmyndagerð o.fl. Rík áhersla var lögð á nauðsyn þess, að möguleikar væru til grundvallarrannsóknna í greininni og með tilliti til starfa hérlendis var bent á galla þess, að þjóðfræðingar þurfa að leita út fyrir landsteinana til þess að öðlast grunnmenntun sína. Í heildina töldu þeir á næstu árum þörf á u.þ.b. 50 manns með þjóðfræðimenntun auk þeirra sem þegar eru til staðar, en þeir munu vera um fimmtán talsins.

Á fundinum voru haldin allmörg fram-söguerindi um stöðu þessara mála nú og þarfir á úrbótum og urðu síðan nokkrar umræður. Varðandi kennslu í þjóðfræði á háskólastigi kom skýrt fram, hve ung og

ómótuð þessi grein er hér á landi, þar sem hún er enn ekki til sem sjálfstæð námsgrein, enda þótt bæði Heimspeki- og Félagsvísindadeild bjóði nú á síðustu árum kennslu í nokkrum námsþáttum, sem flokka má undir samheitið þjóðfræði.

Menn voru almennt tortrygnir á hversu heppilegt það væri, að búa niður fræðigreinar sem þegar eru til staðar og búa þannig til nýjar. Bæði eru mörkin milli ýmissa skyldra greina óljós og eins töldu menn nauðsynlegt að nýta þá þekkingu og aðstöðu sem þegar er til staðar, með aukinni samvinnu milli deilda. Þjóðfræðin gæti sótt sitt hvað til Heimspeki-deildar, annað til Félagsvísindadeildar og enn annað til Verkfræði- og Raunvísindadeildar. Töldu menn nokkuð góða möguleika á að byggja upp kerfisbundið nám í þjóðfræði til 30 eininga án stórvægilegra breytinga og jafnvel án fastra kennara. Þó var varað við hættum sem kynnu að fylgja slíku fyrirkomulagi, svo sem allt of mikilli stundakennslu og þar með litlum tengslum nemenda við rannsóknir, og sundurslitnu námi, sem leiddi af sér rýra menntun. Menn virtust sammála um, að frekari kennsla en til 30 eininga væri þó ómöguleg án meiri háttar breytinga. Skýrt kom fram það áhyggjuefni, sem er að víða innan HÍ skortir á möguleika til framhaldsnáms, en það hlýtur að hamla þróun fræðigreina á geigvænlegan hátt. Sérstaklega mun þetta eiga við um Félags-

vísindadeild. Einnig var rædd nauðsyn á að kenna nemendum í þessum og skyldum námsgreinum að beita og hagnýta aðferðafræði, en skortur á slíkri kennslu var talinn helsti veikleiki sagnfræði- og þjóðfræðináms.

Þjóðfræði hafði ekki verið kennd við nema einn framhaldsskóla (MH), er þessi fundur var haldinn, en útlit var fyrir að eitthvað myndi fjölga þeim skólum er hygðust bjóða þjóðfræði sem valgrein. Framsögumaður um kennslu í þjóðfræði við framhaldsskóla taldi æskilegt að gera greinina smám saman að kjarnanámsgrein, hvort sem hún myndi standa sem sjálfstæð námsgrein eða sem þættir í íslensku, sögu og félagsfræði. Rökstuddi hann þetta með því, að mjög erfitt væri að skilja sögulega þróun, málnotkun o.fl. án þess að hafa grunnþekkingu á verkmenningu og kjörum manna fyrir á tímum. Auk þess benti hann á nauðsyn þess að hafa ákveðna þekkingu á eigin menningarumhverfi til þess að geta skilið og metið menningu framandi þjóða og þjóðflokka.

Varðandi þjóðfræðikennslu í framhaldsskólum var ennfremur dregið á nauðsyn þess að tengja minjasöfnin betur fræðslukerfinu en verið hefur, þar sem þau velflest uppfylla alls ekki þau skilyrði sem verður að gera til þeirra sem fræðslustofnana. Á þetta einkum við um uppsetningu þeirra, en einnig um aðra aðstöðu til þekkingarleitar. Þetta á ekki síður við með tilliti til grunnskólanna.

Nám og kennsla í grunnskólum er nú í mjög viðtækri endurskoðun. Á fundinum kom fram, að þjóðfræði hafa aldrei verið gerð eins ítarleg skil og nú, með sameiningu hinna ýmsu námsgreina sem fjalla um manninn, félagslegt og náttúrulegt umhverfi hans, í samfélagsfræðina. Víst

er, að þjóðfræði verður ekki kennd sem sjálfstæð námsgrein í grunnskólum, en þjóðfræðileg sjónarmið eru ríkjandi í veigamiklum atriðum samfélagsfræðinnar. Umræða um kennslu í þjóðfræði í grunnskóla hefur sérstöðu á þessum vettvangi, þar sem mismunandi þroski nemenda ræður efnisvali og efnistöfum hverju sinni. Á neðri stigum skólans verður að miða að því að umfjöllun sé einkum lýsandi, en þegar ofar dregur er lögð meiri áhersla á skilningsatriði og að nemendur geti greint orsakasamhengi.

Ljóst er, að til þess að kennarar við grunnskóla séu fyllilega færir um að takast á við að gera þjóðfræðilegum sjónarmiðum skil í kennslu, þurfa þeir sjálfir á staðgöðum undirbúningi að halda. Athyglisvert er, að saga/félagsfræði er valgrein við Kennaraháskóla Íslands, en ekki skyldugrein fyrir verðandi kennara í samfélagsfræði. (Má telja það sláandi dæmi um ríkjandi álit á hinum svokölluðu „kjaftafögum“, að ekki þurfi nauðsynlega sérmenntun til þess að geta kennt þau. SG). Innan þessara greina hafa á undanförnum skólaárum verið námskeið í þjóðfræði sem hafa mælst mjög vel fyrir hjá kennaranemum. Fjallað hefur verið um efnið á breiðum grundvelli og einkum um íslenska þjóðhætti, en þó dregið á hliðstæður í nágrenniöldum. Í ljós kom á fundinum, að framtíð þessarar kennslu veltur á því rými, sem þjóðfræðinni er ætlað í grunnskólunum.

Af ofansögðu má sjá, að ýmislegt hefur áunnist á síðustu árum, en á fundinum kom skýrt fram, að betur má ef duga skal. Rík áhersla var lögð á nauðsyn þess að koma á fót kerfisbundnu þjóðfræðinámi á öllum skólastigum hið snarasta og ríkti sú skoðun, að hugmyndir um mótun ættu að koma frá þeim, sem stunda þessa

fræðigrein, þar sem þeir þekktu best til hvar skórinn kreppti. Þegar samstaða hefði náðst, væri næsta skrefið að kynna

þessar hugmyndir út á við og hafa áhrif á yfirvöld menntamála um úrbætur í þessum efnum.



Til ritstjórnar Ljóra.

I greininni „Ljósmyndasöfnun og Þjóðminjasafnið“ í síðasta tölublaði **Ljóra** segir orðrétt um Þjóðminjasafn Íslands: „Ekki er nein útgáfustarfsemi á vegum safnsins“... Þetta er ranghermi. Á vegum Þjóðminjasafns Íslands hafa á síðast liðnum tuttugu til þrjátíu árum verið gefin út, að verulegu leyti með milligöngu Sólarfilmu s.f., um 40 póstkort og 5 sex mynda litskygguflokkar með myndum af munum og myndum í safninu. Sé mið tekið af síðustu tuttugu árum hafa, einnig á vegum safnsins, verið gefin út að minnsta kosti 14 rit prentuð og 11 rit ljósprentuð, auk þess sem ljós-

rituð hafa verið að minnsta kosti 7 rit til dreifingar. Takmarkað álit á þessari starfsemi, sbr. bls. 6 í næstsíðasta tölublaði **Ljóra** er eitt, annað að sagt sé að hún hafi engin verið.

Þess má geta að eitt prentuðu ritanna, 42 blaðsíðna enskur leiðarvisir safnsins eftir Þorkel Grimsson safnvörð, hefur komið út í sjö útgáfum á árunum 1960-1982, í líklega um 20-25 þúsund eintökum.

F.h. Safnbúðar Þjóðminjasafns Íslands
Elsa E. Guðjónsson,
safnvörður



Frá ritstjórn Ljóra.

Ritstjórn **Ljóra** vill benda á, að greinahöfundar skrifa allir undir nafni og standa að sjálfsögðu fyrir þeim skoðunum sem þeir láta í ljós. **Ljóri** er opinn fyrir umræðu og ólíkum sjónarmiðum um söfn og safnamál.

Starfsemi þjóðháttadeildar Þjóðminjasafns

Þjóðminjasafn Íslands hófst handa um skipulega þjóðháttasöfnun árið 1960. Þá var farið að undirbúa spurningaskrár um afmarkaða þætti þjóðlífs í íslenska bændasamfélaginu og þær sendar út til aldraðs fólks, sem safnmenn höfðu á ýmsan hátt fregnað að hefði vilja og getu til að miðla fróðleik um gamla tímann.

Á aldarafmæli Þjóðminjasafns 1963 tilkynnti þáverandi menntamálaráðherra, að ríkisstjórn Íslands hefði ákveðið að stofna þjóðháttadeild við Þjóðminjasafnið. Ráðinn var safnvörður til deildarinnar, Þór Magnússon, sem hóf störf í ársbyrjun 1964. Þór var safnvörður deildarinnar til 1968, en það ár var hann ráðinn þjóðminjavörður og í ársbyrjun 1969 tók Árni Björnsson cand.mag. við forstöðu deildarinnar og hefur gegnt því starfi síðan. Aldrei hefur verið nema einn fastaráðinn starfsmaður við þjóðháttadeild, en þar hefur starfað lausráðið fólk, t.d. stúdentar öðru hvoru.

Síðan 1960 hefur verið send út 51 spurningaskrá á vegum deildarinnar (nóv.1982). Misjafnt er, hve mörg svör hafa borist við þessum skráum, en um efni skráanna og fjölda svara má fræðast í hefti, sem liggur frammi á þjóðháttadeild og er að jafnaði endurbætt tvisvar á ári, með tilliti til nýrra spurningaskráa og nýrra talna um innkomin svör. Spurningaskrár þær, sem deildin hefur sent út, hafa að langmestu leyti verið um þjóð-

hætti í sveitum og hefur Þórður Tómasson safnvörður í Skógum haft veg og vanda af gerð þeirra, með aðstoð sérfróðra manna um ýmis atriði. Um sjávarhætti hefur Lúðvík Kristjánsson að mestu leyti séð hingað til, en hann var á launum hjá Þjóðminjasafni á annan áratug við samningu ritverks síns um íslenska sjávarhætti, sem ná mun til loka árabátaútgerðar.

Árið 1981 var söfnunarstarfi Lúðvíks haldið áfram með því að send var út spurningaskrá um sjávarhætti í fyrsta sinn. Fjallaði hún um handfæraveiðar á skútum og um gerð hennar og öflun heimildarmanna sá Ágúst Georgsson þjóðfræðingur. Ágúst hefur einnig gert spurningaskrá um síldveiðar á skútum, sem send var til nokkurra af heimildarmönnum hans sl. sumar.

Þá var nýlega ákveðið að gera átak í söfnun heimilda um lifnaðarhætti í þéttbýli og hefur deildin nú sent út fyrstu spurningaskrána af fimm fyrirhuguðum um það efni. Frosti F. Jóhannsson þjóðháttufræðingur hefur umsjón með þessari söfnun og gerð spurningaskráa.

Stofninn í heimildasafni þjóðháttadeildar eru svör við þessum spurningaskráum. Svörin við hverri þeirra eru höfð sér í skjalaskápunum, í landfræðilegri röð. Í spjaldskrá deildarinnar er hægt að sjá, hvað er til af efni frá hverjum heimildarmanni fyrir sig, og einnig hvaða

efni hefur fengist úr ákveðnum sýslum. Efni sem safnast hefur óháð spurninga-skrám er raðað sér og er unnið að gerð atriðisorðaskrár um það, sem því miður er ekki nógu langt á veg komin sökum skorts á starfskrafti við deildina. Í aðfangabókum þjóðháttaeildar eru nú (nóv. 1982) 5576 númer. Auk þessa eru á deildinni 3 sérsöfn:

Stúdentasöfnunin 1976. Árið 1976 fór hópur stúdenta við H.Í. um landið og safnaði þjóðháttaheimildum. Var aðallega safnað upplýsingum um fráfærur og sumarverk á sveitabæjum upp úr aldamótum, en einnig um vatns- og vindmyllur. Afraksturinn var afhentur þjóðháttaeild. Alls er safnið um 3500 vélritaðar síður, þar sem skrifað er upp eftir, eða vitnað í 457 heimildarmenn. Auk þess eru

varðveittar 357 60 mín. kassettur með viðtölum, að visu ekki allar fullátekna. Um þetta safn er fjallað nánar í Ljóra 1. tbl. 1981.

Samkeppni um minningaskrif. Árið 1976 gekkst Sagnfræðistofnun, þjóðháttaeild Þjóðminjasafns og Stofnun Árna Magnússonar fyrir samkeppni meðal eldra fólks um minningaskrif. Frásagnir bárust frá 149 aðilum og eru þær geymdar á þjóðháttaeild. Gerð hefur verið spjaldskrá um rithöfunda og magn efnis frá hverjum og einum.

Kjær-safnið. Árið 1922 ferðaðist um Ísland danskur kennari, Holger Kjær að nafni, og tók viðtöl við fólk um menntun og uppeldi barna á síðustu öld. Seinna sendi hann íslensku fólki spurningalista

Sparibúin börn hjá búi sínu.

Kjær-safnið nr. 4905,34. Þjóðminjasafni Íslands.



um sama efni. Þessi gögn o.fl. úr fórum Kjær varðandi þetta efni voru afhent þjóðháttaeild árið 1979. Á öðrum stað í blaðinu er sagt frá þessu safni.

Á deildinni er einnig að finna safn námsritgerða frá H.Í. og víðar um efni sem tengjast þjóðháttafræði.

Síðan 1952 hefur Þjóðminjasafn tekið þátt í alþjóðlegri samvinnu um bókfræðiritið Internationale Volkskundliche Bibliographie. Þangað senda þjóðfræðistofnanir víða um lönd efnisflokkaðar skrár um útkomnar bækur og greinar sem tengjast þjóðfræði í viðkomandi löndum. Í staðinn fá þær á tveggja ára fresti senda doðranta, þar sem þessum skrár er steypt saman. Elsta rit af þessu tagi, sem til er á þjóðháttaeild, er skrá um árin 1950-1951.

Í ár hafa verið sendar út fimm nýjar spurningaskrár frá þjóðháttaeild; skrá um vegi og vegagerð sem send var karlmönnum sem aldir voru upp í dreifbýli, skrá um eldhús og eldhússtörf, sem send var konum úr dreifbýli, skrá um uppvaxtarár í þéttbýli, sem send var heimildarmönnum úr þorpum og bæjum, skrá um síldveiðar á skútum, sem send var mönnum, sem vitað var að hefðu fengist við slíkt, og nú síðast fyrirspurn um hella og notkun þeirra, sem aðallega hefur verið send fólki af þeim svæðum sunnanlands, þar sem hina merku manngerðu sandsteinshella er að finna.


Í byrjun árs var farin herferð til að afla heimildarmanna fyrir deildina, sem mjög voru farnir að týna tölunni. Bréf voru send til kvenfélaga víða um land og áttahagafélaga á höfuðborgarsvæðinu, með beiðni um að bent yrði á fólk, sem þætti líklegt til að leggja eitthvað af mörkum til söfnunarstarfsins. Einnig var haft samband við sóknarnefndir í Reykjavík og nágrenni um þetta. Skemmst er frá því að

segja að undirtektir urðu harla góðar og hafa verið send bréf og spurningaskrár til fjölda nýrra heimildarmanna á undanförunum mánuðum.

Er þar að mestu um að ræða eldri spurningaskrár, í því skyni að bæta í þá bresti sem reyndust vera í heimildasöfnun um ákveðin efni, t.d. á vissum svæðum. Hefur þetta þegar skilað töluverðum árangri, sem m.a. má marka af því að fjöldi aðfanga það sem af er þessu ári hefur u.þ.b. tvöfaldast miðað við síðustu ár. Hann er það sem af er árinu 1982 387 númer, en árin 1980 og 1981 var hann samanlagt 397 númer. Er þó von til þess, að árangurinn skili sér enn betur á næsta ári, því að enn eru að berast bréf með ábendingum um heimildarmenn.

Eins og sjá má, er að finna á þjóðháttaeild Þjóðminjasafns sæg áhugaverðra heimilda sem biða þess að úr þeim verði unnið. Því miður hefur starfsfólki deildarinnar ekki tekist að sinna þessu verkefni sem skyldi vegna anna við söfnun og skráningu. Það vegur gjarnan þyngra á metunum að reyna að bjarga því sem bjargað verður af fróðleik, sem heimildarmenn okkar búa yfir, en þeir sem muna lengst aftur týna stöðugt tölunni.

★ ★ ★



Árni Björnsson

Söfnun heimilda um þjóðhætti og úrvinnsla þeirra.

Kafli úr erindi á aðalfundi FÍS 1981.

Það er stundum um það spurt, hvort ekki sé haft samband við t.d. byggðasögunefndir eða áttthagafélög til að fá liðsinni þeirra við söfnun upplýsinga. Slíkt ætti að geta verið mjög árangursríkt, t.d. ef einskonar starfshópur væri til um hvert hérað, sem kæmi saman reglulega og ræddi t.d. spurningalista okkar og svaraði þeim auk eigin frumkvæðis.

Það hefur oft verið á þetta minnst. Og það er mín reynsla, að þetta fólk er yfirleitt mjög viðræðugott og skilningsríkt og í rauninni allt af vilja gert. En hinsvegar vill ærið lítið verða úr framkvæmdum hjá því. Og ég álit, að það þyrfti blátt áfram sérstakan starfsmann til að halda slíkum nefndum við efnið. Annars lendir allt í útideyfu. En það gæti líka skilað miklum árangri.

Aðrar stofnanir, sem safna eða eiga þjóðfræðilegt efni, eru einkum Stofnun Árna Magnússonar og að vissu leyti Ríkisútvarpið.

Það má segja, að verkaskipting sé til-
tölulega glögg milli Þjóðminjasafnsins og Árnastofnunar að þessu leyti. Þeir safna einkum þjóðsögum, þjóðlögum, kveðskap, rímum o.þ.h. og aðallega á segulbönd. Þeir fást sumsé meir við hina listrænu hlið, en við hina praktisku. Sérstök samvinna hefur því lítil verið fyrir utan

það, sem þegar er getið, nema hvað hér áður fyrr var nokkuð farið í sameiginlegar söfnunarferðir. Það hafði einkum þann kost með sér, að bílakostnaður skiptist á tvo aðila. Á hinn bóginn vildi stundum brenna við, að annar maðurinn væri hálfverklaus, meðan hinn var að, svo að það er álitamál, hvort slíkt fyrirkomulag sé allskostar heppilegt.

Hljóðvarpið á mikið þjóðháttaefni í sínu segulbandasafni, og það er þannig skráð, að í grófum dráttum má greina eða a.m.k. geta sér til um, hvað sé á hverri spólu. En það hefur aldrei verið farið rækilega í gegnum það.

Það er eiginlega allt sorglegra hvað Sjónvarpið snertir í þessu efni sem öðru. Sjónvarpið hefur jú gert þó nokkuð af því að gera sérstakar byggðamyndir fyrir utan beinar fréttamyndir. Það hefur þrá-sinnis verið ámalgað við forráðamenn þess, að einhver maður með nasasjón af þjóðhátum fengi að vera með til ráð-
neytis við gerð slíkra byggðamynda. Einfaldlega vegna þess, að slíkir menn gætu komið auga á önnur athyglisverð fyrirbæri en venjulegir fréttar- eða dagskrárgerðarmenn. En maður hefur ævinlega rekið sig á einhverskonar undarlegan kvikmyndastjórametnað. Umjónarmaður slíkrar myndar gæti ekki þolað nein ut-

anaðkomandi afskipti eða ábendingar, hvað þá fyrirmæli.

Um fréttamyndir er allt annarskonar sorgarsögu að segja, sem stafar af geymsluleysi Sjónvarpsins. Það er nefnilega sjaldnast sýnt í fréttum nema brot af því sem tekið hefur verið á filmu. Hinu er fleygt. Það er svo mat viðkomandi fréttamanns í hvert skipti, hvað skuli teljast þess virði að sýna þann daginn og hverju er þá fleygt. Og mörgu af því, sem sýnt er, er líka fleygt, t.d. að ég held öllu, sem tekið er á myndsegulband. Kvikmyndasafnið hefur haft hug á að fá þessa búta, en sú samvinna hefur a.m.k. ekki enn komist á. Og á þó Sjónvarpið fulltrúa í stjórn Kvikmyndasafnsins.

Heimildir um þjóðhætti geta auðvitað legið útum allt. Ég nefni einungis þau ókjör, sem hljóta að vera og eru á handritadeild Landsbókasafnsins og öðrum skjalasöfnum fyrir utan allt það, sem kann að liggja í gömlum kommóðuskúffum útum borg og bý. Ég sleppi því að ræða um prentaðar ævisögur o.þ.h.

Um rannsóknarstörf á vegum deildarinnar, þ.e.a.s. úrvinnslu þeirra gagna sem berast, er ekki mikið að ræða. Að vísu hafa nokkrar ritgerðir af þessu tagi verið birtar í Árbók Fornleifafélagsins og stöku afmælisritum á síðari árum. En um sérstaka útgáfustarfsemi er ekki að tala. Hinsvegar hafa nokkrir fræðimenn og stúdentar notfært sér gögn safnsins, bæði í doktorsritgerðir og B.A. ritgerðir. Og eftir að kennsla í þjóðháttafræði hófst við Háskólann fyrir nokkrum árum, hefur verið allnokkuð um það, að stúdentar tækju sér smærri ritgerðarefni, sem unnin væru upp úr okkar heimildum. Eintök af þessum ritgerðum eru nánast öll varðveitt hjá deildinni.

Í sambandi við þetta er rétt að minnast ögn á skipulegar þjóðháttafræðisráðgjafi

einstaklinga, bæði áður og eftir að þjóðháttaeildin varð til. Þá er auðvitað fyrst að nefna heimildasöfnun Jónasar frá Hrafnagili á árunum 1908-1918. Aðdrættir hans eru geymdir í Landsbókasafni, en megnið af þeim birtist reyndar í bókinni *Íslenskir þjóðhættir*, sem Einar Ólafur Sveinsson bjó til prentunar árið 1934. Þó koma þar ekki öll kurl til grafar.

Í öðru lagi er um að ræða rannsóknir Lúðvíks Kristjánssonar á *Íslenskum sjávarhátum*, sem hann byrjaði á fyrir 1940, einsog nú er orðið alkunna. En frá 1965 var Lúðvík í reynd á launum hjá þjóðháttaeild Þjóðminjasafnsins, svo að hans mikla ritverk má að talsverðu leyti teljast rannsóknarstarf á vegum deildarinnar.

Í þriðja lagi vil ég nefna rannsóknir Harðar Ágústssonar á sögu *Íslenskrar húsagerðar*, sem hann hófst handa um fyrir nálægt 20 árum, og eru nú smám saman að taka á sig mynd í bókstaflegri merkingu. Persónulega þætti mér kominn tími til að Hörður gæti innan tíðar fengið svipaða aðstöðu og Lúðvík hafði til að halda áfram sínum rannsóknum og vinna að útgáfu þeirra. Þetta vekur einnig þá spurningu, hvort ekki sé löngu orðið tímabært, að maður á borð við Þórð Tómasson fengi aðstöðu til að vinna að sambærilegu ritverki um *Íslenska búnaðarhætti*.

Þegar spurt er, hver væri lágmarks starfsmannabörf deildarinnar, þá ætla ég nú að þessu sinni að vera svo hógvær að nefna aðeins 3 fasta starfsmenn með eftirfarandi verkaskiptingu: Einn þarf ætíð að vera tiltækur á skrifstofunni til að annast útsendingu gagna og skráningu, svara bréfum innan og utanlands frá og sinna óteljandi fyrirspurnum og vangaveltum frá almenningi, sem eru því fleiri sem starfsemi deildarinnar er meiri að öðru

leyti eða hún lætur meira bera á sér. Það er ekki þar með sagt, að ætíð sé unnt að leysa úr þessum spurningum fólks, en það er eiginlega ótækt, að ekki sé alltaf einhver á staðnum til þess a.m.k. að hjala við blessað fólkið. — Einn þyrfti svo að vera út á meðal fólksins til að safna heimildum hjá þeim, sem af ýmsum ástæðum treysta sér ekki til að skrifa sjálfir, og fara í saumana á ýmsu því sem óljóst er í skriflegum svörum. Og sá maður ætti líka að

hafa umsjón með áðurumgetnum þjóðfræðanefndum, ef þær kæmust á legg. Þriðji maðurinn ætti svo að fást við úrvinnslu þeirra heimilda, sem berast og borist hafa. Því það er mjög varasamt að láta slíka úrvinnslu sífellt bíða svokallaðra „betri tíma“. Og þarna á ég ekki við menn með séraðstöðu einsog Lúðvík Kristjánsson hafði, enda væri sjálfsagt, að þessir þrír menn skiptu innbyrðis um hlutverk öðru hverju.

Hér er verið að hita kaffi í eldhúsinu á Botni í Mjóafirði, N-ís. Um 1912-1914. Ljósm. Rudolf Craner. Úr ljós- og prentmyndasafni Þjóðminjasafnsins, nr. 2611.



Kjær-safnið

Til að komast að því, hvaða og hvers konar heimildir eru fyrirbyggjandi á söfnum eins og t.d. Þjóðminjasafni, verða áhugamenn um sögu og þjóðlegan fróðleik helst að fara á viðkomandi staði, setjast að starfsmönnum og spyrja þá spörum úr. Ljóri ætti að geta orðið góður vettvangur, hvað varðar upplýsingaskipti um slíkt. Þar mætti fjalla um aðföng og starfsemi safnmanna á rýmri hátt en gert er í knöppum starfsskýrslum viðkomandi stofnana, án þess þó að um sé að ræða vandaðar fræðilegar úttektir. Í þessum greinarstúfi er ætlunin að segja stuttlega frá handritasafni sem þjóðháttadeild Þjóðminjasafns barst árið 1979, svokölluðu Kjær-safni.

Árið 1979 afhenti ekkja dr. Magnúsar Gíslasonar þjóðháttadeild Þjóðminjasafns heimildasafn dr. Holger Kjær varðandi menntun og uppeldi á íslenskum heimilum. Hafði Kjær léð Magnúsi safnið til afnota, þegar sá síðarnefndi var að vinna að doktorsritgerð sinni um íslensku kvöldvökuna (M.G. Kvällsvaka, Uppsala 1977) og beðið um að því yrði komið til Íslands, þegar Magnús hefði lokið við að nota það.

Holger Kjær (1899-1980) var danskur uppeldisfræðingur og kennari, einn af forystumönnum dönsku lýðháskólahreyfingarinnar og kennari við lýðháskólann í Askov um árabil. Þar stunduðu margir Íslendingar nám og áttu þeir

gjarnan hauk í horni þar sem Kjær var. Greinar danska skólamannsins L.C. Müller um íslensk uppeldismál vöktu athygli Kjær á Íslendingum og í doktorsritgerð sinni (Über Familienerziehung und Hausunterricht, Langenzals, 1927) gerir hann sérstaklega grein fyrir íslensku heimilisfræðslunni. Hann ákvað síðan að gera nánari rannsókn á þessu efni og fór til Íslands árið 1929. Hann dvaldi hérlandis í 4 mánuði, ferðaðist á hestum umhverfis landið og spurði fólk sem hann hitti um uppeldi og fræðslu á íslenskum heimilum. Hann dreifði einnig spurningalista, þar sem í aðalatriðum er spurt um heimakennsluna, kvöldvökuna, húslesturinn, barnavinna, barnaleiki og álit manna á árangri heimakennslunnar og uppeldisins eins og það tíðkaðist fyrir þá skólaskyldunnar. Hann lét einnig birta spurningalistann í blaðinu Degi á Akureyri í júní 1929 og janúar 1930 með hvatningu um, að fólk skrifaði niður bernskuminningar sínar og sendi honum.

Á ferðum sínum um Ísland hélt Kjær dagbækur, þar sem hann skrifaði m.a. upp eftir fjölda fólks frásagnir um þetta efni og virðist svo sem menn hafi almennt brugðist vel við málaleitan hans og verið fúsir til að leggja honum lið. Enda urðu margir til að skrifa honum og svara spurningum hans (84 frásagnir bárust).

Árið eftir skrifaði Kjær grein um rannsóknir sínar á Íslandi í danskt tímarit (Is-

landsk folkeopdragelse, Dansk Udsyn, 10. árg. 1930) Hann sendi heimildarmönnum sínum á Íslandi eintak af greininni með ósk um gagnrýni og nánari fyrirspurnum um einstök atriði. Eftir frekari bréfaskriftir og upplýsingaöflun skrifaði Kjær síðan bókina *Kampen om hjemmet* (Kbh. 1935), þar sem hann leggur mat á norrænt þjóðaruppeldi og veltir fyrir sér hvernig unnt sé að tryggja heimilinu áfram hlutdeild í varðveislu og miðlun menningararfsins við breyttar þjóðfélagsaðstæður, en hann var mjög gagnrýninn á þá þróun að barnakennsla og barnauppeldi færðust sífellt meira út af heimilunum og yfir á ábyrgð samfélagsins. Tekur hann mörg dæmi af Íslandi þar sem honum finnst

menntun og menning alþýðufólks vera á háu stigi og þakkar það að einhverju leyti fræðslu og uppeldishlutverki heimilanna.

Kjær-safnið á Þjóðháttadeild Þjóðminjasafns er sem sé afraksturinn af þessari rannsókn Kjær, hvað Ísland varðar. Þar eru dagbækur hans úr Íslandsferðinni með þjóðlýsingum og viðtölum, svör þeirra sem svöruðu spurningaskránni, bréf til Kjær frá heimildarmönnum og öðrum, bæði utan Íslands og innan varðandi þessi mál, úrvinnslublöð, minnismiðasýrpur, úrklippur o.fl. Margir upprættir af húsakynnum þeim sem heimildarmenn ólust upp við eru í uppskriftum Kjær og í svörum þeirra. Þá tók hann einnig talsvert af myndum á ferðum sín-

Glaumbær í Skagafirði.

Kjær-safnið nr. 4905. Þjóðminjasafni Íslands



um og kópiur af flestum þeirra hafa borist Þjóðminjasafni nýverið.

Ritum þeim sem er að finna í Kjær-safni hefur verið lýst og þeim gefin númer. Gerð hefur verið spjaldskrá um rithöfunda (t.d. bréfitara) og viðtakendur bréfa. Nafnaskrá um allt safnið er í vinnslu.

Auk rita Magnúsar Gíslasonar og Kjær, hefur Ragnheiður Þórarinsdóttir stuðst m.a. við Kjær-safnið í meistararitgerð sinni um barnaleiki. Í Andvara 1981 og 1982 er að finna þýðingu á nokkrum köflum úr Kampen om hjemmet.

Það er athyglisvert að við skulum eiga rannsókn frá eldri tímum, sem leiðir til-
tölulega vel í ljós hlutverk og verksvið
kvenna og barna í samfélaginu. Margar
spurningar vakna, þegar komið er inn á
þetta annars afskipta svið í íslenskum
fræðum. Ég tók t.d. sérstaklega eftir því,
þegar ég var að lesa yfir þessi plögg,
hversu afgerandi það virðist vera að kven-
fólk segði sögur, færi með kvæði, eða yf-
irleitt sæi um það sem fór á milli í munn-
legri geymd. Skyldi þetta hafa verið svo
um aldir?



Leiðrétting

Í síðasta hefti Ljóra birtist gerinarkorn um myndir og dagbók úr Íslandsferð tveggja erlendra ferðamanna, Ferryman og Livingstones-Learmonths, árið 1887,

Í greininni er mishermi, sem á rót sína að rekja til rangra upplýsinga frá seljanda myndanna og dagbókarljósritsins, Public Archives í Ottawa. Ranghermið er í því fólgið að Íslandsfarinn er nefndur *Frederick Valiant Cotton* Livingstone-Learmonth, seinna bankastjóri, hermaður og búnaðarfrömuður. Þessi ágæti maður mun aldrei hafa til Íslands komið. Hið

rétta er að ferðalangurinn, sem kom til Íslands með Ferryman 1887 og skrifaði dagbókina, var bróðir hans *Walter Livingstone-Learmonth* (1861-1922), sem var víðförull mjög og hinn mesti ævintýramaður. Hann fór m.a. tvær ferðir til Norðurheimskautslanda og var langdvölum í Afríku og Suður-Ameríku, þar sem hann gerðist landnemi og bjó hátt á annan áratug.

Bergsteini Jónssyni lektor kann ég þakkir fyrir að hafa vakið athygli mína á framangreindri missögn.

Halldór J. Jónsson

Rit um íslenska þjóðmenningu

Bókaútgáfan Þjóðsaga hefur ákveðið að gangast fyrir útgáfu á verki um íslenska þjóðmenningu. Yrði hér um yfirlitsrit að ræða sem væntanlega yrði allmikið að vöxtum eða fimm til sex bindi. Hafsteinn Guðmundsson, forstjóri Þjóðsögu, hefur kvatt til eftirtalda þrjá menn í ritstjórn verksins: Harald Ólafsson dósent, Dr. Jón Hnephil Aðalsteinsson og Þór Magnússon þjóðminjavörð.

Fyrirhuguðu verki er ætlað að taka yfir öll svið þjóðmenningar og taka mið af nýjustu rannsóknum á hverju sviði. Því er ætlað að standast vísindalegar kröfur sem alhliða heimildarit, en jafnframt verður lögð áhersla á að það verði læsilegt og aðgengilegt almenningi.

Um einstaka þætti þjóðmenningar verður fjallað frá upphafi byggðar í landinu eftir því sem heimildir ná til. Í frumdrögum efnisyfirlitsins eru m.a. eftirtalin kaflaheiti:

Landið og lífsskilyrðin. Mannfræði og upphaf menningar. Dagleg störf til sjávar og sveita. Skepnurnar. Fatnaður. Útsaumur. Hagleiksverk. Miðaldalist. Handritaskreytingar. Alþýðulist. Húsagerð. Samfélagsgerð. Bændafjölskyldan. Æviskeiðin. Samgöngur og verslun. Mataræði. Heilsufar. Fornsögur. Sagnadansar. Skemmtanir. Tónmenntir. Alþýðuskáld. Leikir og íþróttir. Þjóðsögur og sagnir.

Hátíðir. Trú og kirkja. Þjóðtrú. Alþýðleg vísindi. Alþýðulækningar. Alþýðleg veðurvísindi. Alþýðlegir tímatalsútreikningar. Þéttbýlismyndun. Kvennamenning.

Leitað hefur verið til milli tuttugu og þrjátíu manna til að rita í verkið eða vera til ráðuneytis um gerð einstakra kafla. Eftirtaldir menn eru í hópi þeirra sem þegar hefur náðst til:

Ágúst Georgsson fil.kand. Dr. Alda Möller, Árni Björnsson safnvörður, Elsa E. Guðjónsson safnvörður, Frosti F. Jóhannsson fil. kand. Gísli Ágúst Gunnlaugsson, sagnfræðingur Dr. Gísli Pálsson lektor, Gunnlaugur Haraldsson þjóðháttufræðingur, Hallfreður Örn Eiríksson cand. mag. Hallgerður Gísladóttir safnvörður, Jón Samsonarson handritufræðingur, Jón Steffensen prófessor, Jón Þórarinnsson tónlistarmaður, Lúðvík Kristjánsson rithöfundur, Páll Jónsson bókavörður, Páll Bergþórsson veðurfræðingur, Ragnheiður Helga Þórarinsdóttir forstöðumaður, Dr. Selma Jónsdóttir forstjóri, Dr. Stefán Aðalsteinsson, Dr. Sveinbjörn Rafnsson prófessor, Vésteinn Ólason dósent, Þórður Tómasson safnvörður, Dr. Þorsteinn Sæmundsson stjarnfræðingur.

Fyrirhugað er að hraða vinnu við verkið eftir föngum og koma því út á næstu fimm árum.

Árni Björnsson

Um uppbyggingu þjóðfræðanáms innan HÍ

(Á aðalfundi FÍS 5.6. 1982.)

Það þarf víst ekki að útlista það fyrir viðstöddum, að kennsla í svonefndum þjóðfræðum er mjög ný af nálinni hér á landi og er enn varla orðin barn í brók. En ég hef hugsað mér að rekja nokkuð aðdraganda þeirrar hugmyndar, sem hér er sett fram, þó ekki væri nema til að sýna, að ekkert gerist á þessu sviði fremur en öðrum, nema að því sé unnið. Og fyrir mig er nærtækast að byrja á því að rekja eigin lífsreynslusögu, hvað þetta varðar.

Ég hugsu, að ég hafi hvorki verið betur né verr upplýstur um þessi efni en almennt gerðist fyrir 25 árum, þegar ég fyrst komst í kynni við þau, fyrir hálfgerða tilviljun. Til fyrrihlutaprófs í íslenskum fræðum hafði ég fengið ritgerðarefni í málfræði, sem snerti nokkur íslensk hátíðanöfn. Þegar ég fór að grafast fyrir um uppruna þeirra, þóttu mér siðvenjurnar í kringum dagana sífellt áhugaverðari — og spurði prófessorinn, Halldór Halldórsson, hvort ég ætti að tíunda þær í ritgerðinni. Nei, sagði hann, ekki nema þær séu til skýringar á merkingarbreytingu á orðinu. En, bætti hann við, af hverju heldurðu ekki áfram með þetta til kandidatesprófs? Okkur vantar alveg menn, sem leggja fyrir sig menningarsögu.

Þetta reyndust orð að sönnu, því að þegar ég nokkrum árum seinna hafði

skrifað 200 bls. kandidatesritgerð um stærstu hátíð ársins, þá fannst enginn prófessor við Háskóla Íslands, sem teldist til þess bær að dæma hana. Á endanum fór þó svo, að eitt stk. bókmenntaprófessor, annað stk. söguprófessor og þjóðminjavörður sem þriðji maður leystu málið. En það hvarflaði ekki einu sinni að manni fyrir 20 árum, að um eitthvert starf gæti verið að ræða á þessu sviði.

Nú leið rúmur áratugur, og á þeim tíma var bæði stofnuð þjóðhátadeild við Þjóðminjasafnið og Árnastofnun komst á laggirnar með þjóðfræði sem eitt af sínum verkefnum. En ekkert bólaði enn á kennslu í þessum greinum neinsstaðar. Það má geta þess sem dæmis, að fyrir aðeins 15 árum mun orðið „þjóðháttafræði“ alls ekki hafa verið til í málinu, og orðið „þjóðfræði“ var í orðabók Menningarsjóðs notað um þá fræðigrein, sem fæst við menningu svokallaðra frumstæðra þjóða, eða villimannafræði.

En varðandi kennslumál eða þjóðfræðanám, þá held ég sé rétt að geta þess til upplýsingar, að í desember árið 1968 varð til nefndarálit frá heimspekideild um aukið starfslið deildarinnar fram til ársins 1975. Þar var alls óskað eftir 28 nýjum prófessorum og lektorum, þ.á.m. einum lektor í fornleifafræði, þjóðsagnafræði og þjóðháttafræði hverri um sig. Svo kölluð Háskólanefnd eða formaður hennar gerði lítulsháttar breytingar á þess-

ari tillögu heimspekideildar í janúar 1969, og var m.a. lagt til, að lektorsstarfi í *þjóðsagnafræði* yrði frestað fram yfir 1975, þar sem hún gæti enn um sinn rúmast innan bókmenntasögunnar, en um fornleifafræði og þjóðháttafræði sagði hann hinsvegar:

„Báðar þessar greinar eru bráðnauðsynlegar hverri heimspekideild, og ekki vansalaust, að Háskólinn skuli ekki enn hafa getað sinnt þeim.“

Ég vil taka það fram, að á sínum tíma voru þessar tillögur merktar sem trúnaðarmál, en ég vona, að það sé ekki trúnaðarbrott að segja frá þeim á þessum vettvangi 13 árum seinna.

En vitneskjan um, að þessar hugrenningar væru á sveimi í og utaná heimspekideild, varð m.a. til þess, að við sem unnum við skyldar rannsóknarstofnanir, Þjóðminjasafnið og Árnastofnun, nánar tiltekið ég og Hallfreður, við fórum að ónáða ráðamenn við Háskólann með spurningum og áþreifingum. En þá kom brátt í ljós, að þeir vildu hafa eitthvert bréf uppá hlutina frá okkur. Eftir á að hyggja er það mjög skiljanlegt, því að þeir höfðu auðvitað litla hugmynd um það, frekar en nokkur annar, hvernig ætti að gera áætlun eða marklýsingu varðandi kennslu í þjóðfræðum.

Þetta varð til þess, að árið 1971 tókum við Hallfreður saman greinargerð og drög að námsskrá í þjóðfræðum við heimspekideild. Vissulega var hún gerð af talsverðri vanþekkingu, en heimspekideild hafði þó eitthvað skriflegt handa á milli.

Bein eða óbein afleiðing þessa varð sú, að haustið 1972 var tekin upp lítilsháttar kennsla í fornleifafræði og þjóðháttafræði í tengslum við sagnfræði. Það er engin ástæða til að draga fjöður yfir það, að sú ráðstöfun var einkum gerð að frum-

kvæði Björns Þorsteinssonar, sem þá var nýorðinn prófessor í sagnfræði og vildi, eðli sínu samkvæmt, brydda upp á ýmsum nýjungum.

Þessi kennsla hélst í 5 ár og var sjálfsagt hvorki fugl né fiskur. Eina áþreifanlega gagnið, sem nemendur gátu af henni haft, voru 1-2 valspurningar á sumum prófum í sagnfræði, sem þeir gátu svarað í stað annarra, ef þeir mundu eitthvað betur úr þessu námsefni en öðru. En hún varð þó til þess að vekja athygli á þessum fræðum meðal stúdenta. M.a. var nú í fyrsta sinn óskað eftir greinargerð um þjóðháttafræði í Námsmannahandbókina 1974, en ég þykist hafa nokkuð fyrir mér í því, að hún hafi leitt nokkrar sálir inn á þessar brautir hér heima eða erlendis. Og vorið 1975 sendi heimspekideild Háskólaráði að nýju tillögu, þar sem farið er fram á eitt lektorsembætti í þjóðfræðum, ekki síst til að skipuleggja kennslu í þessum greinum. Og þar liggur sú tillaga enn hjá ættingjum sínum.

Málin þróuðust síðan á þann veg, að í sama mund og einingakerfið var tekið upp í heimspekideild haustið 1977, urðu bæði þjóðháttafræði og fornleifafræði að föstum og sjálfstæðum 5 eininga valþáttum. Og þannig hefur þetta nú verið í 5 vetur. Um sama leyti tók félagsvísindadeild til starfa, og þar hafa þróast skyldar kennslugreinar, einkum innan mannfræði. Haustið 1978 hófst svo kennsla í þjóðfræði (folkloristik) innan almennrar bókmenntafræði. Hún nemur nú 10 einingum. Þegar þetta er allt talið saman, mun láta nærri, að þegar sé um að ræða 30-40 eininga kennslu í heimspeki- og félagsvísindadeild, sem flokka mætti undir þjóðfræði eða hvaða annað heildarheiti, sem við kjósum að velja þessu yfirgrípsmikla sviði.

Ég ætla ekki að eyða neinum tíma í að fjalla sérstaklega um það plagg, sem hér er til umræðu og allir hafa í höndum, enda munu a.m.k. 4 menn eiga eftir að segja álit sitt um það. En þar er í fyrsta sinn sett fram nokkuð ítarleg hugmynd um uppbyggingu þjóðfræðináms innan HÍ annaðhvort sem aðalgreinar eða auka-greinar. Það er látið ósagt, innan hvaða deildar eða deilda þetta ætti helst heima. Ef menn vilja nánari útskýringar á þessari hugmynd, er best að beina spurningum einkum til Frosta Jóhannssonar, því hann hefur unnið mest að því að móta hana.

Ég vil þó vekja athygli á 4. liðnum í innganginum, sem ber yfirskriftina *Aðrar fræðigreinar og ýmis menningarstörf*. Ég álit nefnilega, að þjóðfræðinám eigi ekki einungis að vera til skemmtunar fyrir sér-fræðinga eða menntun fyrir minjaverði, heldur sé brýn þörf fyrir það á öllum skólastigum og ekki síst í grunnskólum. Við lifum á tímum svo hraðfara breyt-inga, að ef við á annað borð viljum, að

fólk upp til hópa slitni ekki alveg úr tengslum við fortíðina, þá er fræðsla um t.d. þjóðhætti ekki síður nauðsynleg nú á dögum en almenn sögukennsla. Fólk um tvítugt veit naumast lengur, hvernig dag-legir lifnaðarhættir voru um það leyti, sem það sjálft fæddist, hvað þá fyrr. En til þess að svo megi verða, þarf að vera unnt að veita viðunandi þjóðfræði-menntun við HÍ. Því það liggur í augum uppi, að það er nánast einsog að fara yfir lækinn til að sækja vatnið að nema þessi fræði í öðru landi en því, sem maður ætlar að starfa í. Það væri frekar unnt að leggja stund á íslenskar bókmenntir, eða stjórnmála- og verslunarsögu Íslands í út-löndum, vegna þess, hvað það nám bygg-ist mikið á bókum og skjölum. En í þess-ari grein er heimildanna ekki síður að leita meðal landsmanna sjálfra, lifandi fólks. Auðvitað hlýtur líka að reka að því, að unnt verði að lesa þjóðfræði til kandi-datsprófs við HÍ. En það er ekki enn komið á dagskrá.



ÚTSKURÐARMYNDIR FRÁ SKARÐI Á SKARÐSSTRÖND

Tveir bekkir í kirkjunni á Skarði hafa lengi hvílt á merkilegum undirstöðum. Hér er um að ræða útskornar fjalir, sem sagað hefur verið ofan og neðan af til að hægt væri að nota þær fyrir burðarstoð bekkjanna út við vegginn.

Vafalaust hafa þessar fjalir verið fleiri áður fyrr, eins og frásögn Matthíasar Þórðarsonar fyrrv. Þjóðminjavarðar gefur til kynna í Kirkjumunaskrá hans frá 1911, en þar segir: „Undir sumum kirkju-stólunum eru útskornir gamlir bútar af stólbrúðum, merkir!“

Sú kirkja sem Matthías skoðar þarna var reist 1847-48 og fauk af grunni sínum

1910. Árið 1914 var svo ný kirkja reist á staðnum og hafa þá þessar tvær útskornu fjalir fengið að þjóna burðarhlutverki sínu áfram. Enn ein útskurðarmynd af svipuðu tagi er varðveitt á Skarði, þó ekki sé hún lengur negld undir bekk.

Þessir bútar eru vafalaust leifar af gömlum stólbrúðum, eins og Matthías bendir á, og má ætla að flestir kirkjubekkir á Skarði hafi verið prýddir slíkum útskurði fyrr á öldum. Á tvær fjalir eru skornar ljónsmyndir, mjög mismunandi að gerð, en á hinni þriðju, er dýrið ókennilegra. Virðist þó helst eiga að vera úlfur.

EFNISYFIRLIT:

FRÁ RITSTJÓRN LJÓRA	bls. 2
HALLDÓR J. JÓNSSON OG FROSTI F. JÓHANSSON: Ársskýrslur Félags ísl. safnmanna 1981-82	3
SÓLVEIG GEORGSDÓTTIR: Af aðalfundi FÍS 1982	7
ELSA E. GUÐJÓNSSON: Til ritstjórnar LJÓRA	9
HALLGERÐUR GÍSLADÓTTIR: Starfsemi þjóðháttadeildar Þjóðminjasafnsins	10
ÁRNI BJÖRNSSON: Söfnun heimilda um þjóðhætti og úrvinnsla þeirra	13
HALLGERÐUR GÍSLADÓTTIR: Kjær-safnið	16
RIT UM ÍSLENSKA ÞJÓÐMENNINGU	19
ÁRNI BJÖRNSSON: Um uppbyggingu þjóðfræðanáms innan HÍ	20
ÚTSKURÐARMYNDIR FRÁ SKARÐI Á SKARÐSSTRÖND	22
EFNISYFIRLIT	23

Tímaritið LJÓRI er gefið út af Félagi íslenskra safnmanna.

ÁSKRIFT

Tímaritið LJÓRI, Box 1439,
121 Reykjavík s. 91-13264.

RITSTJÓRN

Guðmundur Ólafsson, ábm.
Mjöll Snæsdóttir
Sólveig Georgsdóttir

